

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um fráveitu í Mosfellsbæ nr. 1014/2010.

1. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis“ í 3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar kemur: Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

2. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisfulltrúa“ í 3. málsl. 3. mgr. 13. gr. samþykktarinnar kemur: heilbrigðiseftirlits.

3. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 3. málsl. 1. mgr. 14. gr. samþykktarinnar kemur: heilbrigðiseftirlits.

4. gr.

Í staðinn fyrir orðið „Umhverfisstofnun“ í 2. málsl. 15. gr. samþykktarinnar kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

5. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis“ í 2. málsl. 16. gr. samþykktarinnar kemur: heilbrigðiseftirlits.

6. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis“ í 3. málsl. 17. gr. samþykktarinnar kemur: Heilbrigðiseftirlitið.

7. gr.

Í stað orðanna „frá samþykktu íbúðarhúsnæði“ í 1. málsl. 18. gr. samþykktarinnar kemur: frá öllum húseignum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. samþykktarinnar:

a. Í stað orðanna „að jafnaði annað hvert ár“ í 1. mgr. kemur: eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. samþykktarinnar:

a. 1. mgr. fellur brott.

b. 2. mgr. verður svohljóðandi: Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús eða

safntank er að ræða eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar tíðni hreinsunar, t.a.m. tilfelli þar sem margar rotþrær eru á sömu landeign.

10. gr.

26. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Um rotþrær staðsettar á verndarsvæðum vatnsbóla gilda ákvæði samþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

11. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis“ í 2. málsl. 27. gr. samþykktarinnar kemur: heilbrigðiseftirlitsins.

12. gr.

Samþykkt þessi, staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 29. desember 2025.

F. h. r

Erla Arnardóttir.

Guðmundur Bjarki Ingvarsson.

B deild - Útgáfudagur: 30. desember 2025